

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	6. sept. 21
Málalykill	
Mál nr.	2105286



Sjúkratryggingar
Íslands

Hrafnista
María Fjóra Harðardóttir forstjóri
Brúnavegi 9 104 Reykjavík
maria.hardardottir@hrafnista.is

Sjómannadagsráð
Hálfdan Henrysson
Brúnavegi 9
104 Reykjavík
halfdan@sjomannadagsrad.is

Reykjavík, 1. september 2021

Efni: Afturköllun á uppsögn samnings vegna hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.

Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) hefur borist bréf frá Sjómannadagsráði dags. 27. ágúst sl. þar sem Sjómannadagsráð dregur til baka uppsögn sína á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar frá 3. júní sl. Ljóst sé að rekstrargrundvöllur er betri en á horfðist er samningum var sagt upp. Hrafnista muni, með útsjónarsemi og ábyrgð í rekstri, geta aukið rekstrarhæfi Ísafoldar sem muni ekki koma niður á núverandi þjónustu við íbúa og samræmast að fullu gildum og hugsjónum um að tryggja íbúum úrvalsjónustu og öruggt umhverfi. Óskað var eftir áframhaldandi góðu samstarfi við SÍ um rekstur Ísafoldar.

SÍ höfðu borist bréf frá Hrafnistu dags. 16. júní sl. um uppsögn á samningi SÍ og Hrafnistu um rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar svo og tölvupóstur til forstjóra SÍ þann 1. sept. þar sem afturköllun Sjómannadagsráðs á uppsögn samningsins er staðfest.

SÍ telja uppsögn á svo viðkvæmum og viðamiklum samningum, hvort sem litið er til heimilismanna eða starfsmanna, alvarlegt mál sem ekki megi fara léttvægt með. Hins vegar, í ljósi aðstæðna allra og á grundvelli þess að Sjómannadagsráð og forstjóri Ísafoldar (Hrafnistu) telja rekstrarhæfi Ísafoldar nú tryggt, fallast SÍ á að uppsögnin verði dregin til baka.

SÍ treysta á áframhaldandi gott samstarf við Sjómannadagsráð og Hrafnistu og vænta þess að Hrafnista geri allt sem gera þarf til að lágmarka neikvæðar afleiðingar þessarar aðgerðar svo sem með því að upplýsa heimilismenn og starfsfólk svo og opinbera aðila eftir því sem við á.

Fh. Sjúkratrygginga Íslands

María Heimsdóttir forstjóri

Afrit sent til:
Vigdísarholt ehf.
Bt. Kristján Sigurðsson
kristjan@sunnuhlid.is

Garðabær
Bt. Gunnar Einarsson bæjarstjóri
gunnar@gardabær.is